

Upplýst samþykki

Samþykki til að heimila ráðgjafa hjá sjúkrasjóði og sérfræðingum á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs aðgang að upplýsingum og vinnslu þeirra vegna starfsendurhæfingar

1. Einstaklingur (hér eftir nefndur hinn skráði), fær aðstoð hjá ráðgjafa í starfsendurhæfingu vegna skertrar vinnugetu. Ráðgjafar starfa hjá stéttarfélögum en á vegum VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir nefndur VIRK). Ráðgjafi starfa í nánu samstarfi við fjölbreyttan hóp sérfræðinga sem starfa fyrir eða á vegum VIRK. Um slíkt samstarf gilda samningar, ákveðin vinnuferli eða reglur VIRK. Hlutverk VIRK er að veita víðtækan stuðning, leiðbeiningar og aðstoð með það að markmiði að efla og /eða endurheimta vinnugetu.
2. Til þess að ráðgjafar og sérfræðingar á vegum VIRK geti veitt hinum skráða þann stuðning, leiðbeiningar og aðstoð sem þörf er á, er nauðsynlegt að þeir safni upplýsingum um hann og hvað það er sem veldur skertri vinnugetu. Þau gögn/upplýsingar sem um ræðir eru:
 - a. Gögn hjá sjúkrasjóði sem tengjast starfsendurhæfingarferlinu: Læknisvottorð og upplýsingar skráðar á þar til gerð eyðublöð.
 - b. Gögn útbúin í samvinnu ráðgjafa og sérfræðinga á vegum VIRK; s.s. upplýsingar skráðar á þar til gerð eyðublöð eða gátlista af hinum skráða eða sem ráðgjafi skráir beint eftir honum vegna greiningarferlis, starfsgetumats, endurhæfingaráætlun/virkniáætlun og mat á árangri.
 - c. Upplýsingar frá sérfræðingum, heimilislæknum og endurhæfingaraðilum s.s. vottorð, skýrslur, niðurstöður mats og rannsókna og reikningar vegna starfsendurhæfingar hins skráða.
3. Sérfræðingar sem VIRK hefur á sínum snærum eða getur leitað til vegna starfsendurhæfingar eru t.d. læknar, sálfræðingar, iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar, náms- og starfsráðgjafar eða félagsráðgjafar. Einnig ýmsir sérfræðingar sem starfa hjá sérhæfðum náms- og starfsendurhæfingaraðilum.
4. Aðgangur að upplýsingum um hinn skráða, hvort heldur rafrænum eða á pappír verður takmarkaður við ráðgjafa hans og þá sérfræðinga sem starfa hjá VIRK eða fyrir VIRK sem koma að máli hans. Heimilislæknir eða meðhöndlandi sérfræðingur hins skráða getur einnig fengið aðgang að upplýsingum í formi samantektar eða staðlaðrar skýrslu sem er þá liður í starfsendurhæfingarferli hins skráða. Upplýsingar með markmiðum hins skráða fyrir þátttöku í aðkeyptri þjónustu fer til þjónustuaðila/ úrræðaaðila með tölvupósti úr upplýsingakerfi VIRK.
5. Hinn skráði getur, samkvæmt skriflegri beiðni, fengið afhent þau gögn sem skráð eru um hann í upplýsingakerfi VIRK. Gögnin eru afhent í formi samantekta og staðlaðra skýrslna sem lýsa starfsendurhæfingarferli viðkomandi sem og þátttöku hans í starfsendurhæfingunni.
6. Ofangreindar upplýsingar verða skráðar, meðhöndlaðar, vistaðar og unnar í upplýsingakerfi VIRK. Varðveisla og eyðing gagna er samkvæmt upplýsingaöryggisstefnu VIRK. Hinn skráði getur farið fram á að gögnum um hann verði eytt úr upplýsingakerfi VIRK. Þegar miðlun gagna hefur farið fram samkvæmt lið 4 hér að framan þá getur VIRK ekki tryggt að gögnum sé eytt hjá þeim aðila sem upplýsingum var miðlað til.
7. VIRK hefur innleitt öryggiskerfi persónuupplýsinga í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga. Öryggiskerfinu er ætlað að tryggja að söfnun, vinnsla og varsla upplýsinga uppfylli kröfur laga og reglna og að ekki eigi sér stað önnur vinnsla upplýsinga um hinn skráða en lýst er að ofan.

Undirrituð/undirritaður, _____, kt. _____ hefur kynnt sér efni þessa skjals og skilur hvað í því felst og veitir VIRKsamþykki sitt fyrir aðgangi að þeim upplýsingum sem hér er lýst og með þeim takmörkunum sem hér er getið.

Staður og dagsetning: _____

Undirskrift: _____

	Eintak skráða
	Eintak VIRK